

|                  |
|------------------|
| Umhverfisstofnun |
| Áb. _____        |
| 17. ágú. 2016    |
| Tilv. _____      |



UMHVERFISSTOFNUN

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. ágúst 2016  
UST201607-137/B.S.  
10.05.03

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Skjólgarður – Grundartangahöfn. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 18. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða byggingu skjólgarðs með viðlegu á austursvæði Grundartanga. Höfnin við Grundartanga hefur ítrekað verið stækkuð frá því að bygging hafnarinnar hófst árið 1977.


Efni í fyrirhugaða framkvæmd verður tekið innan iðnaðarlóða við Grundartanga. Við dýpkun við viðlegukantinn verður eingöngu dælt upp sandi og silti og verður þetta efni notað til landfyllinga við Grundartanga. Lífríki á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði er talið fábreytt og fjöldi einstaklinga minni en á samanburðarstöðum.

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri